



## REGLUR UM ÁBENDINGAR STARFSMANNA BYGGÐASTOFNUNAR VEGNA MISFERLIS

### „Whistle blowing“

#### 1. GILDISSVIÐ

Reglur þessar taka til allra starfsmanna Byggðastofnunar og þeirra sem starfa tímabundið fyrir stofnunina sem verktakar við afmörkuð verkefni, s.s. auglýsingastofur, endurskoðendur o.fl. Í reglum þessum er orðið „starfsmenn“ notað jöfnum höndum um starfsmenn og verktaka nema annað sé tekið sérstaklega fram.

#### 2. MARKMIÐ

Með reglum þessum er leitast við að efla góða starfshætti Byggðastofnunar. Með reglum þessum er stefnt að því að starfsmenn þekki til hvaða úrræða skuli gripið verði þeir varir við misferli í störfum sínum hjá stofnuninni. Rík áhersla er lögð á að tilkynningar starfsmanna um misferli séu skoðaðar án tafar og þeim beint í réttan farveg, hvort sem er innan Byggðastofnunar eða hjá þar til bærum yfirvöldum.

#### 3. MISFERLI

Misferli getur tengst starfsmönnum, yfirmönnum, stjórn eða viðskiptavinum. Með misferli er t.d. átt við brot á lögum eða reglum, eða þegar reynt er að hylma yfir slík brot. Þá er einnig átt við hagsmunaárekstra sem geta/hafa valdið viðskiptavinum tjóni eða aðra óeðlilega viðskiptahætti eða óeðlileg fyrirmæli.

#### 4. TILKYNNING UM MISFERLI

Hvers kyns grun um misferli skal tilkynna regluverði eða innri endurskoðanda án tafar.

Regluvörður og/eða innri endurskoðandi bera ábyrgð á skoðun tilkynninga og eftirfylgni vegna meints misferlis. Allar ábendingar eru metnar sérstaklega og skoðað hvort tilefni er til nánari athugunar.

Starfsmenn sem ekki treysta sér til að koma ábendingum á framfæri innan Byggðastofnunar geta komið ábendingum um meint misferli á framfæri við Fjármálaeftirlitið (FME) í gegnum samskiptagátt sem finna má á [www.fme.is](http://www.fme.is)

## 5. EFNI TILKYNNINGAR

Tilkynningin skal vera skrifleg og í henni skulu koma fram upplýsingar um að hverjum grunur um misferli beinist og helstu málavextir. Hægt er að senda tilkynningu með tölvupósti á netfangið [regluvordur@byggdastofnun.is](mailto:regluvordur@byggdastofnun.is)

## 6. SKYLDUR BYGGÐASTOFNUNAR GAGNVART STARFSMÖNNUM VEGNA TILKYNNINGA UM MISFERLI

Starfsmenn geta tilkynnt grun um misferli óhræddir um stöðu sína. Ábending sem borin er fram í góðri trú hefur ekki neikvæða eftirmála fyrir viðkomandi starfsmann jafnvel þó grunur sé ekki á rökum reistur.

Heimilt er að koma með nafnlausar ábendingar treysti starfsmenn sér ekki til að koma fram undir nafni.

Byggðastofnun skal sjá til þess að upplýsingum um hvaða starfsmaður upplýsti um misferli sé haldið leyndum. Nafni viðkomandi starfsmanns skal haldið leyndu, m.a. í tilkynningum til FME eða annarra lögbærra aðila nema brýn nauðsyn sé til annars.

Þó ábending leiði til athugunar telst sá sem ábendingu veitir ekki sjálfkrafa aðili máls og getur stofnunin ekki veitt viðkomandi upplýsingar um stöðu rannsóknar.

## 7. VIÐURLÖG VIÐ FÖLSKUM ÁSÖKUNUM

Ábendingar þurfa að byggja á rökstuddum grun um hugsanlegt misferli en grunur þarf þó ekki að vara hafinn yfir allan vafa. Komi í ljós að starfsmaður hafi vísvitandi sent tilkynningu um misferli sem ekki var á rökum reist getur það varðað viðurlögum skv. lögum nr. 70/1996

## 8. KYNNING REGLNANNA FYRIR STARFSMÖNNUM

Forstjóri skal tryggja að öllum starfsmönnum Byggðastofnunar séu kynntar reglur þessar og þær skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt þeim. Heimilt er að gera það með tölvupósti til starfsmanna og við upphaf starfs skal afhenda nýjum starfsmanni eintak af reglunum.

Reglurnar skulu birtar á heimasíðu Byggðastofnunar.

Staðfest á Sauðárkróki,

14. desember 2017



Aðalsteinn Þorsteinsson

Æðalsteinn Þorsteinsson forstj.